

**Aðalfundur Kaldalóns hf.**  
**2023**

Fimmtudaginn 23. mars 2023, kl. 16:00, var haldinn aðalfundur Kaldalóns hf., kt. 490617-1320 („félagið“), á Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52, Reykjavík.

Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Lagði hann til að Bjarki Diego yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt.

Tók þá fundarstjóri við stjórn fundarins og lagði til að Tómasi Magnúsi Þórhallssyni yrði falin ritun fundargerðar og var það samþykkt.

Fór fundarstjóri yfir boðun fundarins og fundarsókn, en mætt var fyrir hönd hluthafa sem ráða yfir 67,31% hlutafjár félagsins. Fór fundarstjóri yfir lögmæti fundarins og þar sem fundarboð er í samræmi við lög og samþykktir félagsins lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

Var þá tekið til fundarstarfa. Upplýsti fundarstjóri að skv. fundarboði væru eftirfarandi mál á dagskrá aðalfundarins:

- (1) Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi félagsins síðastliðið rekstrarár
- (2) Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir síðastliðið rekstrarár
- (3) Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu rekstrarári
- (4) Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins
- (5) Kjör endurskoðanda félagsins
- (6) Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefndar
- (7) Samþykkt starfskjarastefnu félagsins
- (8) Samþykkt starfsreglna tilnefningarnefndar
- (9) Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins
- (10) Önnur mál.

Því næst var gengið til dagskráar.

**1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á árinu 2022**

Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason, stjórnarformaður, kynnti skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins fyrir síðasta starfsár og fór yfir helstu atriði og fjárfestingar í starfsemi félagsins á árinu. Í máli stjórnarformanns kom fram að árið hafi verið viðburðarríkt og stór skref stigin í þeirri átt að skrá félagið á aðalmarkað Nasdaq Iceland hf.

Þakkað Ásgeir Helgi einnig Gunnari Henrik Gunnarssyni, sem setið hefur í stjórn félagsins um árabil, fyrir störf hans fyrir félagið, en Gunnar Henrik gefur ekki kost á sér í aðalstjórn félagsins, en gefur hins vegar kost á sér sem í varastjórn.

## **2. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir rekstrarárið 2022**

Jón Þór Gunnarsson, forstjóri félagsins, tók til máls og fór yfir starfsárið ásamt því að fara yfir helstu atriði ársreiknings félagsins fyrir rekstrarárið 2022.

Að lokinni yfirferð ársreiknings félagsins 2022 gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn tók og máls og bar fundarstjóri undir atkvæði tillögu stjórnar um að ársreikningur félagsins fyrir árið 2022 væri staðfestur.

Ársreikningurinn var staðfestur samhljóða af fundarmönnum.

## **3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu rekstrarári**

Lögð var fram tillaga stjórnar um að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2022.

Var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

## **4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins**

Eftirtaldir aðilar hafa gefið kost á sér sem stjórnarmenn félagsins:

Álfheiður Ágústsóttir;  
Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason;  
Haukur Guðmundsson;  
Kristín Erla Jóhannsdóttir; og  
María Björk Einarsdóttir.

og eftirtaldir aðilar hafa gefið kost á sér í varastjórn félagsins:

Gunnar Henrik Gunnarsson; og  
Hildur Leifsdóttir.

Ekki hafa komið fram önnur framboð til stjórnar innan þeirra tímamarka sem samþykktir félagsins áskilja og voru framangreindir aðilar því sjálfkjörnir í stjórn og varastjórn félagsins.

## **5. Kjör endurskoðenda félagsins**

Lögð var fram tillaga stjórnar um að PricewaterhouseCoopers ehf. væri kjörið sem endurskoðandi félagsins til næsta árs.

Var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

## **6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins og undirnefnda**

Samkvæmt því sem fram kom í dagskráttillögum sem fylgdu fundarboði lagði stjórn til við aðalfund að stjórnar- og nefndarlaun fyrir kjörtímabilið 2023 – 2024 verði eftirfarandi:

- Laun stjórnarmanna verði 271.000 kr. á mánuði og þóknun formanns stjórnar tvöföld þóknun stjórnarmanns. Þóknun til varamanna í stjórn verði 81.000 kr. fyrir hvern fund sem varamaður situr.
- Stjórnarmenn í endurskoðunarnefnd fá ekki greitt sérstaklega fyrir að sitja í endurskoðunarnefnd. Aðrir aðilar sem eiga sæti í nefndinni fá greitt fyrir hvern unninn tíma samkvæmt tímaskýrslu, enda hafi stjórn fyrirfram samþykkt tímagjaldið. Ekki er greitt sérstaklega fyrir formennsku.
- Stjórnarmenn í starfskjaranefnd fá ekki greitt sérstaklega fyrir að sitja í endurskoðunarnefnd. Aðrir aðilar sem eiga sæti í nefndinni fá greitt fyrir hvern unninn tíma samkvæmt tímaskýrslu, enda hafi stjórn fyrirfram samþykkt tímagjaldið. Ekki er greitt sérstaklega fyrir formennsku.
- Nefndarmenn í tilnefningarnefnd fá greitt fyrir hvern unninn tíma samkvæmt tímaskýrslu, enda hafi stjórn fyrirfram samþykkt tímagjaldið. Ekki er greitt sérstaklega fyrir formennsku.

Var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

## **7. Starfskjarastefna**

Lögð var fram tillaga stjórnar um að framlögð starfskjarastefna félagsins verði samþykkt.

Fundarstjóri vísaði til þess að með upphaflegu fundarboði hafi verið send tillaga að breyttri starfskjarastefnu frá þeiri sem samþykkt var á síðasta aðalfundi félagsins.

Vísaði fundarstjóri til þess að í kjölfarið hafi stjórn samtal við hluthafa sem leiddi til þess að stjórn félagsins lagði fram breytingartillögu við þá starfskjarastefnu sem áður hafði verið kynnt með upphaflegu fundarboði. Vakti fundarstjóri athygli á að breytingarnar væru innan ramma þeirrar starfskjarastefnu sem upphaflega hafði verið kynnt fundarmönnum.

Fundarstjóri gerð grein framlögðum breytingartillögum sem varða einna helst að (i) kaupauki starfsmanna (þ.m.t. forstjóra og annarra stjórnenda) geti að hámarki numið fjárhæð sem nemur þriggja mánaða grunnlaunum; (ii) uppsagnarfrestur hjá forstjóra og öðrum lykilstarfsmönnum skal að hámarki vera 12 mánuðir og (iii) að samþykkt verði kaupréttarkerfi, þar sem kveðið er á um

ítarlegri skilmála en fram kom í upphaflegum tillögum að starfskjarastefnu og þar sem m.a. er miðað við að kaupréttir geti að hámarki numið 2% af hlutafé félagsins á hverjum tíma.

Fundarstjóri lagði fram framangreinda breytingartillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins til samþykktar.

Var tillaga stjórnar samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að undanskildum atkvæðum Eftirlaunajóðs atvinnuflugmanna sem kaus gegn tillöggunni.

Var tillagan því samþykkt af aðalfundi.

#### 8. Starfsreglur tilnefningarnefndar

Lögð var fram tillaga stjórnar um að framlagðar starfsreglur tilnefningarnefndar verði samþykktar.

Var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

#### 9. Tillögur að breytingum á samþykktum félagsins

Lögð var fram tillaga stjórnar um eftirfarandi þrjár breytingartillögur á samþykktum félagsins:

- Nýrri grein 2.3 verði bætt við sem er svohljóðandi:

„*Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 330.000.000 að nafnvirði, en þó þannig að hækkan nemí ekki meira en 3% af útgefnu hlutafé félagsins, til þess að efna skuldbindingar gagnvart starfsmönnum félagsins vegna kaupréttar- eða kaupsamninga og/eða samninga um áskriftarréttinda við starfsmenn, til samræmis við starfskjarastefnu félagsins. Hækkunarheimild samkvæmt þessu gildir til 23. mars 2028. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt að nýjum hlutum, útgefnum samkvæmt ákvæði þessu. Sömu ákvæði um réttindi hluta og kveðið er á um í þessum samþykktum að öðru leyti gilda um nýja hluti vegna þessarar hækkunar og bera nýir hlutir réttindi í féluginu frá og með ákvörðun stjórnar um útgáfu þeirra, þó aldrei fyrr en hlutir eru að fullu greiddir. Stjórn félagsins er heimilt að breyta samþykktum þessum í samræmi við það sem leiðir af hlutfjárhækkun.*“

Fundarstjóri lagði fram tillöguna til samþykktar.

Var tillaga stjórnar samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að því undanskildu að Stapi lífeyrissjóður sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

- Tillaga um að heimild stjórnar félagsins til að hækka hlutafé félagsins samkvæmt grein 2.5 (núverandi grein 2.4) verði framlengd til 30. júní 2024.

Fundarstjóri lagði fram tillöguna til samþykktar og var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

- Nýrri grein 3.15 verði bætt við sem er svohljóðandi:

„Samningar milli félagsins og hluthafa, móðurfélags hluthafa, stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra félagsins, sem og aðila sem eru nákomnir þeim, eins og það er skilgreint í 95. grein a. laga um hlutafélög nr. 2/1995, sem nema að raunvirði minnst 1/20 hlutaffjár félagsins á undirritunartíma samningsins, skulu lagðir fyrir hluthafafund félagsins til samþykktar, nema undanþágur sem fram koma í 1. – 5. tölulið 1. mgr. 95. gr. a. eigi við um viðkomandi samninga. Skal stjórn félagsins jafnframt afla sérfræðiskýrslu skv. 6. gr., sbr. 6. gr. a. – 6. gr. c. og 7. – 8. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, sem hefur að geyma yfirlýsingu þess efnis að samræmi sé milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær. Sérfræðiskýrslan skal fylgja fundarboði til hluthafafundar. Áskilnaður þessi um samþykki hluthafafundar og öflun sérfræðiskýrslu vegna samninga félagsins við hluthafa, móðurfélag hluthafa, stjórnarmenn eða framkvæmastjóra og nákomna aðila fellur niður ef hlutabréf félagsins hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði, og gilda þá um sílika samninga þær reglur sem fram koma í 95. gr. a. laga hlutafélög.“

Fundarstjóri lagði fram tillöguna til samþykktar og var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

#### 10. Önnur mál

Engin tillaga lá fyrir fundinum um önnur mál og gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

Fundurinn veitti fundarstjóra heimild til þess að rita undir fundargerðina og afhenda á skrifstofu félagsins þar sem hluthafar munu hafa aðgang að fundargerðinni.


Þá var lagt til að BBA/Fjeldco væri falið að tilkynna um ákvarðanir fundarins til fyrirtækjaskrár Skattsins. Var það samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16:50.

Ofangreint staðfestist hér með.

Reykjavík, 23. mars 2023

  
Bjarki H. Diego  
fundarstjóri

  
Tómas Magnús Þórhallsson  
fundarritari